

Úrgangsráð Vestfjarða

Sjöundi fundur

Netheimum 30. október 2025 kl. 10.00 - 11.00

Fundargerð

Mættir: Lilja Magnúsdóttir Vesturbyggð, Þorgeir Pálsson Strandabyggð, Erla Margrét Gunnarsdóttir umhverfis- og skipulagsfulltrúi Ísafjarðabæ, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir og Hjörleifur Finnsson Hringrásarfulltrúi Vestfjarðastofu sem ritar fundargerð. Freyja Pétursdóttir hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var gestur fundarins undir lið 1.

Dagskrá:

- Átak gegn myndun Textílsúrgangs
- Fréttahringur
- Önnur mál

Fundargerð

1. Freyja Pétursdóttir fór yfir stöðu mála hjá sveitarfélögunum hvað varðar textílúrgang. Eftirspurn eftir textíl á heimsvísu hefur dregist mikið saman, sem og hlutfall endurnotkunar. Nú er svo komið að sveitarfélögin þurfa að greiða mikið með textíl sem að mjög litlu mæli ratar á góðan stað í Úrgangspríhyrningnum. Þess vegna er Sambandið, ásamt Umhverfis- og Orkustofnun að undirbúa forvarnaráttak sem felst í að miðla ofangreindum staðreyndum til almennings, m.a. í gegnum samfélagsmiðla. Þegar efnið verður tilbúið mun Sambandið og Umhverfis- og Orkustofnun leita liðsinnis sveitarfélaganna við dreifingu á því.
2. Nýlegar fréttir af rannsókn héraðssaksóknara og samkeppniseftirlits á verktökum í úrgangspjónustu, þar á meðal Kubbi, voru ræddar og menn sammála að mikil óvissa væri með framhaldið.
3. Enginn Önnur mál rædd